Gjaldskrá fyrir árið 2027

Frístundastarf í Borgarbyggð

Frístund í Borgarbyggð

Boðið er upp á frístund fyrir börn í 1.–4. bekk í Grunnskóla Borgarness og Grunnskóla Borgarfjarðar að loknum hefðbundnum skóladegi.

Gjald fyrir þátttöku í frístund er:

Verð á klukkustund: 428 krónur.

Síðdegishressing: 174 krónur á dag.

Smiðjur/námskeið á vegum frístundar: 581 krónur fyrir skiptið.

Systkinaafsláttur:

Ef fleiri en eitt barn eru skráð í frístund, á leikskóla eða hjá dagforeldrum eiga foreldrar rétt á systkinaafslætti fyrir eldra/elsta barnið. Ávallt er greitt fullt verð fyrir yngsta barnið. Veittur er 50% afsláttur af dvalargjaldi fyrir barn umfram eitt og 100% afsláttur af dvalargjaldi fyrir hvert barn umfram tvö. Fullt verð er greitt fyrir fæði.

Sumarfjör

Sumarfjör er leikjanámskeið fyrir börn í 1.–4. bekk í Borgarbyggð. Sumarfjör er starfrækt í Borgarnesi en boðið er upp á akstur frá Hvanneyri, Kleppjárnsreykjum, Baulu, Bifröst og frá Mýrunum.

Gjald fyrir Sumarfjör

Vikan kostar 9.785 krónur – námskeið frá kl. 09:00–16:00.

Systkinaafsláttur í Sumarfjöri:

Veittur er 50% afsláttur fyrir eldra systkinið ef þau eru skráð sömu vikuna í Sumarfjör.

Samþykkt í fræðslunefnd 27.11.2026